

25. JÚNÍ 2020

**UMSÖGN VEGNA  
FYRIRHUGAÐRAR  
BREYTINGU Á REGLUGERÐ  
UM INNFLUTNING OG  
NOTKUN, LEYSA,  
LEYSIBENDLA OG IPL-  
TÆKJA.**



**ÚTBÚIÐ AF:**

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
The House of Beauty

**LÖGFRÆÐINGUR**

Elva Ósk Wiium

# TOTALLY LIPO

## Totally Lipo

Við hjá The House of Beauty bjóðum uppá líkamsmeðferðir án inngrípa. Við höfum rekið stofuna með þessu móti í tvö ár með góðum árangri og ánægju viðskiptavina.

Við erum með tæki sem heitir Totally Lipo (660 nm 3b) sem er með svokölluðum low level laser sem minnkar fitu í fitufrumunum án allra óþæginda eða sársauka. Við fengum þjálfun frá framleiðanda en tækin eru framleidd í Bretlandi. Við gætum ítrasta öryggis í notkun tækisins og þess má geta að þetta er ekki eins öflugur leyser og td. sá sem notaður er í leyser háreyðingu.



### Totally Laser Lipo

- ✓ Bræðir staðbundna fitu úr fitufrumunum sem losast svo út í gegnum sogæðakerfi líkamans
- ✓ Ummáls mælt er fyrir og eftir hverja meðferð
- ✓ Mælt er með tveimur skiptum í viku með 72 tíma millibili
- ✓ Mælt er með 8 skiptum +- per svæði
- ✓ Meðferðin tekur 20 mínútur





# NÝ REGLUGERÐ

## Ný reglugerð

Samkvæmt tillögu að rýrri reglugerð, ef við skiljum hana rétt, þyrfti læknir að vera viðstaddur hjá okkur til að geta gert Totally Lipo meðferðir. Það væri ógerlegt fyrir okkar rekstur að uppfylla. Þrátt fyrir að leysar sem notaðir eru í háreyðingu og andlit séu töluvert sterkari leysarar er undanþága fyrir þeim í núverandi tillögu að reglugerðarbreytingu.

Því væri eðlilegt að leysar lipo tæki eins og okkar (class 3) sem eru með lægri leysar styrk (660 nm) og minni líkum á skaða fá sömu undanþágu í nýrri reglugerð.



# NIDURSTAÐA

Ljóst er að:

- Totally Lipo meðferðin hefur verið starfsrækt á stofunni okkar í um tvö ár með góðum árangri og án neikvæðra upptákoma, án skaða eða annara vandamála fyrir starfsfólk eða viðskiptavinum.

- Totally Lipo og önnur leyser lipo tæki eru með töluvert lægri styrk (styrk 3) en t.d. tækin sem nýtt eru til að fjarlægja hárvöxt og væri því eðlilegt að slík (styrk 3) leyser lipo tæki fari inni reglugerð á undanþágu líkt og ofangreindir leyserar þar sem töluvert minni áhætta fylgir notkun á leyser lipo tækjum (class 3) heldur en öðrum öflugri leyserum sem nýttir eru í háreyðingu sem dæmi.

-Við höfum starfað við þessa meðferð án neikvæðra upptákoma í rúm tvö ár. Við gætum ítrústu varúðar og förum að öllum öryggisreglum.

- Í ljósi all þessa viljum við óska eftir því að undanþágu verði bætt við í reglugerðina til notkunar á leyser lipo tækjum (laser styrk 3 - 660 nm) svo stofur eins og okkar sem hefur enga sögu um skaðsemi meðferða geti haldið áfram að vinna á tækin sín án þess að þurfa að ráða lækna á staðinn sem væri í raun ógerlegt og hefði gríðarlega mikil áhrif á reksturinn.

Virðingarfyllt,

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir  
The House of Beauty